

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977 - 1997, hafnarsvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997 frá 30. mars 1978.

Breytingin felst í því að á nýrri landfyllingu í botni fjarðarins verður komið fyrir hafnarsvæði, lón myndast þar sem Fjarðará rennur út í fjörðinn og ný brú verður lögð yfir ána. Blönduð byggð íbúða og þjónustu verður meðfram Hafnargötunni og norðaustan við lónið í stað íbúðarsvæðis, verslunar- og þjónustusvæðis og stofnansvæðis, nýjar götur/vegtengingar verða lagðar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Seyðisfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.